

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 24.3.2022
UST202202-379/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Fiskeldi að Haukamýri - Norðurþing

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Haukamýri sunnan Húsavíkur.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að auka framleiðslugetu Fiskeldisins Haukamýri upp í allt að 800 tonna hámarkslífmassa af laxfiskum og/eða laxfiskaseiðum á ári. Í dag samanstendur húsakostur fiskeldisins af tveimur sambyggðum eldishúsum sem eru um 1.100 m². Jafnframt eru á lóðinni hús fyrir loftun, gámar þar sem er að finna fóðurstöð, varaafli og súrefnisbúnað ásamt fjölmörgum eldiskerjum. Samtals eru sjö hringlaga útikör og er eldisrými þeirra tæpir 1.400 m³. Jafnframt er lengdarstraumskar sem er um 600 m³. Við hliðina á lengdarstraumskarinu er dammur sem verið er að taka úr notkun. Heildareldisrými í útikörum og eldiskörum inni í eldishúsunum er um 2.700 m³.

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum, tveimur byggingum fyrir eldiskör, þar sem heildarbyggingarmagn fyrir þær verður allt að 5.000 m², auk 2.000 m² skrifstofubyggingu og þjónustuhúsi og allt að 100 m² byggingu fyrir hreinsibúnað. Einnig verður gert ráð fyrir byggingum yfir núverandi starfsemi og viðbyggingum við núverandi byggingar: allt að 2.000 m² byggingu yfir stór eldiskör, 1.000 m² viðbyggingu fyrir kaffistofu, móttöku, sláturaðstöðu og vinnslu, allt að 650 m² viðbyggingu fyrir sláturaðstöðu og stækkun á vinnslu, 750 m² viðbyggingu fyrir fóður- og tækjageymslu og verkstæði og 1.500 m² skýli yfir hreinsibúnað og yfirbyggingu yfir eldiskör.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um hver staða fráveitumála frá starfseminni er í dag, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðri framleiðsluaukningu er mikilvægt að fjallað sé um fráveitumál samhliða stækkun eldisins og hvers konar hreinsibúnaður verði notaður í starfseminni.

Stofnunin bendir á að frárennislagnir þurfa að uppfylla skilyrði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ en skv. 2. mgr. skal öllu skólþi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, vegna skólþs, hafi ekki áhrif á vistkerfi eða útivistargildi.

Fuglar

Umhverfisstofnun bendir á að í eftirliti með starfseminni árið 2021 var sett fram ábending varðandi fjölda fugla við frárennsli. Umhverfisstofnun telur að í umhverfismati deiliskipulagsins skuli meta áhrif skipulagsins á fugla.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um meðhöndlun úrgangs sem fellur til við slátrun og vinnslu fisksins.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í stefnu stjórnvalda sem kom út í júní sl. sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi¹* þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífrænna efna.

Stofnunin bendir á að fastefni sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli og bendir stofnunin á mikilvægi þess að efnið sé endurnýtt.

Afmörkun skipulags

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að deiliskipulagsmörkin séu afmörkuð með þeim hætti að fráveitulagnir séu innan þeirra.

Vatnstaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hversu mikið vatn stöðin mun nota að jafnaði, hvaðan vatnið kemur og hver áhrif vatnstökunnar verða á vatnshlotið.

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismehondlun_2020.pdf

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur